

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutað-eigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. ágúst 1995. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1995 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 293 3. júní 1994.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010,
að því er tekur til landnotkunar milli Bæjarháls og Hraunbæjar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 21. júlí 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum, er tekur til landnotkunar á landspildu milli Bæjarháls og Hraunbæjar.

Breytt er landnotkun á hluta af landspildu milli Bæjarháls og Hraunbæjar þannig að í stað blandaðrar notkunar íbúðasvæðis og almennrar útivistar komi lóð undir verslun og þjónustu (bensínsala).

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 21. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.